

Frá: Vilhelmína Jónsdóttir <Vilhelmina.jonsdottir@mvf.is>

Sent: mánudagur, 4. desember 2023 10:47

Til: Sigurlaug Dagsdóttir - AST <sigdag@hi.is>

Efni: Sundlaugamenning á skrá UNESCO - kallað eftir þátttöku sveitarfélaga

Sundlaugamenning á skrá UNESCO - kallað eftir þátttöku sveitarfélaga

Nú stendur yfir vinna við tilnefningu sundlaugamenningar á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Um er að ræða fyrstu sjálfstæðu tilnefningu Íslands á skrána en áður hefur Ísland, ásamt Norðurlöndunum, staðið að tilnefningu á handverki við smíði súðbyrðinga á skrána. Skrár UNESCO á sviði menningararfs hafa reynst mjög áhrifamiklar og felst í slíkri skrásetningu ákveðinn heiður og viðurkenning á viðkomandi hefð og sérstöðu hennar fyrir land og þjóð. Því er um að ræða stórt og mikilvægt skref að Ísland standi nú að tilnefningu á sundlaugamenningu.

Verkefnið hefur hlotið verðskuldaða athygli og jákvæð viðbrögð í samfélaginu. Sundlaugamenning á Íslandi er sannarlega útbreidd hefð sem mikill meirihluti landsmanna stundar. Nýjar kannanir sýna að 79% fullorðinna landsmanna fer í sund og þar af fer um 40% reglulega í sund. Þá er ótalin sundiðkun barna og ungmenna. Vegna þessarar miklu útbreiðslu hafa margir nú þegar lagt tilnefningunni lið og lýst stuðningi við hana.

Flest sveitarfélög landsins reka almenningssundlaugar. Að auki reka þau grunnskóla þar sem sundkennsla barna fer fram. Sveitarfélög gegna því veigamiklu hlutverki í sundlaugamenningu landsmanna.

Tilnefning á skrá UNESCO verður ekki að veruleika nema með samþykki og stuðningi þeirra sem þekkja og stunda viðkomandi hefð. Eins og að framan greinir gegna sveitarfélögin mikilvægu hlutverki í sundlaugamenningu á Íslandi. Þess vegna leitum við til ykkar eftir samtali og stuðningi við tilnefninguna.

Við viljum afla þessari fyrstu sjálfstæðu tilnefningu Íslands á skrá UNESCO um óáþreifanlegan menningararf stuðnings hjá sem flestum og með því sýna hve verðmæt almenningsgæði sundlaugar landsins eru og hve dýrmæt sundlaugamenning er þjóðinni allri.

Á vefsíðunni <https://lifandihefdir.is/> má lesa nánar um sundlaugamenningu. Á vefsíðunni er einnig að finna nánari upplýsingar um það hvernig hægt er að lýsa yfir stuðningi sínum við tilnefninguna og hvaða upplýsingar er gott að komi þar fram, sjá: <https://lifandihefdir.is/sundmenning-unesco/>.

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug Dagsdóttir, verkefnisstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í gegnum netfangið sigdag@hi.is.

Með þessu bréfi köllum við eftir þátttöku sveitarfélaga og vonum að þau sjái hag sinn í því að veita þessu verkefni stuðning.



Vilhelmína Jónsdóttir, sérfræðingur / Senior adviser

Skrifstofa menningar og fjölmiðla / Department of Culture and Media
Menningar- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Culture and Business Affairs
Sölvhólgata 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9800
www.mvf.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)